

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Gambía	Kasakstan	Nýja Kaledónía	Srí Lanka
Alsír	Gana	Kína	Nýja Sjáland	Suður Afríka
Antígva og Barbúda	Gínea Conakry	Kólumbía	Óman	Suður Kórea
Argentína	Grænhöfðaeyjar	Kostaríka	Pakistan	Súrínam
Astralía	Grænland	Krótía	Panama	Sviss
Bahamaeyjar	Grenada	Kúba	Papúa	Taíland
Bangladess	Gvæjana	Madagaskar	Perú	Taívan
Belís	Gvatemala	Malasía	Rúmenía	Tansanía
Brasilía	Hollensku Antillur	Maldíveyjar	Rússland	Túnis
Búlgaría	Hondúras	Máritanía	Sádi-Arabía	Tyrkland
Egyptaland	Hong Kong	Máritíus	Sameinuðu arabísku	Úganda
Ekvador	Indland	Marokkó	Sankti Pierre og Miquelon	Úrúgvæ
El Salvador	Indónesía	Mayotte	Senegal	Venesúela
Falklandseyjar	Íran	Mexíkó	Serbía og Svartfjallaland – Heimildin nær ekki til innflutnings frá Kósovó	Vietnam
Fílabeinsströndin	Jamaíka	Mósambík	Seychelleseyjar	
Filippseyjar	Japan	Namibía	Síle (Chile)	
Franska Pólínésía	Jemen	Nígería	Simbabve	
Gabon	Kanada	Níkaragúa	Singapúr	

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Angóla	Bandaríkin	Fídjíeyjar	Kamerún	Salómonseyjar
Armenía - Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatnakrabba.	Benín	Hvíta-Rússland	Kongó - Aðeins heimill innflutningur sjávarafurða sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi.	Sankti Helena
Aserbaídsjan - Aðeins heimill innflutningur á kavíar.	Eritrea	Ísrael	Mjanmar (Burma)	Tógó

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldyr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Astralía	Suður Kórea
Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla.	Taíland
Japan	Túnis
Marokkó	Tyrkland
Perú	Úrúgvæ
Síle (Chile)	Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldyr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Bandaríkin
Grænland
Kanada
Nýja Sjáland

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr., enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

Heimilt er að flytja inn lýsi frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. enda komi lýsið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 490 frá 3. júlí 2003, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.